

# Rannsóknir á sumarexemi í hrossum

**K**omin er út yfirlitsgrein um stöðu rannsókna á sumarexemi í hrossum í vísindaritinu *Veterinary Immunology and Immunopathology*. Í greininni eru teknar saman niðurstöður sem kynntar voru á vinnufundi sem haldinn var á Hólum í Hjaltadal sumarið 2007 en þar komu saman fulltrúar frá flestum rannsóknahópum sem starfa á þessu sviði í Evrópu og Bandaríkjunum.

Sumarexem er alvarlegur ofnæmissjúkdómur sem leggst þungt á íslensk hross sem flutt hafa verið úr landi. Dýraheilbrigðissvið Matvælastofnunar, ásamt Tilraunastöðinni á Keldum, Félagi hrossabænda og erlendum samstarfsaðilum, stendur að stóru rannsóknaverkefni þar sem leitað er leiða til að meðhöndla eða fyrirbyggja sjúkdóminn.

Helstu ofnæmisvakarnir eru pró-

tein í munnvatni mýflugna af tegundinni *Culicoides* (smámý) en flókið samspil erfða- og umhverfisþátta hefur áhrif á sjúkdómsferilinn. Þessi mýflugnategund þrífst ekki á Íslandi og það skýrir hvers vegna sjúkdómurinn er óþekktur hér á landi. Faraldsfræðilegar rannsóknir hafa leitt í ljós að tveimur árum eftir útflutning hefur um helmingur íslenskra hesta fengið sumarexem ef ekkert er gert til varnar. Til samanburðar er tíðni sjúkdómsins í íslenskum hestum fæddum í Þýskalandi um 5%.

### Nýir möguleikar á meðhöndlun

Einangrun ofnæmisvaka í munnvatni smámýs er forsenda hnitmiðaðra ónæmisáðgerða til að fyrirbyggja eða lækna sumarexem. Eitt slíkt prótein er nú þekkt og fleiri í skoðun. Fljótlega verður hægt að prófa afnæmingu íslenskra hesta er-



**Vörn Exemteppi er öflugasta vörnin gegn sumarexemi í hrossum.**

lendis með þessum próteinum. Það er aðferð sem lengi hefur verið notuð til lækninga á ákveðnum tegundum ofnæmis í fólki en lítið verið reynd í hrossum. Samtímis verða þróaðar aðferðir til að kynna ofnæmisvakana fyrir ónæmiskerfinu með bólusetningu. Þátttakendur voru sammála um að bólusetning með erfðaefni eða próteinum skilgreindra ofnæmisvaka væri varanlegasta leiðin til að fyrirbyggja sumarexem í útfluttum hrossum. Vonir standa til að innan fárra ára verði bólusettir hestar fluttir út til að sannreyna að sú aðferð veiti þeim vörn gegn sumarexemi.

### TEGLAR

Nánari upplýsingar má finna á vef Matvælastofnunar [www.mast.is](http://www.mast.is).

Dr. Sigríður Björnsdóttir, dýralæknir hrossasjúkdóma hjá Matvælastofnun